



12. desember 2022

Tilv.: 2211159

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
nefnasvid@althingi.is

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf og lögum um fjármálafyrirtæki (sértryggð skuldabréf), 433. mál.

Með tölvupósti, dags. 28. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf og lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fulltrúar Seðlabankans tóku þátt í samningu frumvarpsins. Frumvarpinu er ætlað að innleiða ákvæði tilskipunar (ESB) 2019/2162, um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og reglugerð (ESB) 2019/2160, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa, til þess að samhæfa frekar reglur aðildarríkja um sértryggð skuldabréf og skapa sameiginlegan og einsleitan markað með sértryggð skuldabréf.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða meðal annars að því að auka fjárfestavernd og efla eftirlit með útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Að mati Seðlabankans eru þessar breytingar til þess fallnar að styrkja umgjörð markaðar með sértryggð skuldabréf.

Seðlabanki Íslands telur mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga og mælir eindregið með samþykkt þess.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júnísdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

Gísli Óttarsson  
framkvæmdastjóri  
bankar

SEÐLABANKI ÍSLANDS

